

Umsókn um styrk frá lista- og menningarsjóði Kópavogs

Ef sá sem skráði sig inn ætlar ekki að vera umsækjandinn, heldur ætlar að senda inn umsókn í nafni félags / hóps / kórs e.þ.h.,hakið þá við JÁ.Við það hreinsast út upplýsingar um þann innskráða í kaflanum hér að neðan og í staðinn er skráð nafn, kennitala og aðrar upplýsingar varðandi hinn raunverulega umsækjanda (félagsskapinn).Þessi aðferð er notuð ef félag / hópur / kór hefur ekki rafrænt skilríki í síma eða Íslykil, á sinni kennitölu, til að skrá sig inn með.

Já = verið er að sækja um fyrir þriðja aðila (félag/ hóp/ kór eða einstakling)

☒

Umsækjandi

Nafn	Kennitala
Magni Rúnar Kristinsson	2012992849
Lögheimili	Póstnúmer
Álfhólsvegur 73A	200
Símanúmer	Tölvupóstur
8454529	magni1999@gmail.com
Styrkupphæð sem sótt er um	
5000000	

Skráið hér hver er forsvarsmaður félags / hóps / kórs

Nafn	Kennitala
Magni Rúnar Kristinsson	2012992849
Símanúmer	Tölvupóstur
8454529	magni1999@gmail.com

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

Tílefni og tilgangur umsóknar

Skrifið stutta greinargerð sem má birtast opinberlega

Dauður er áhrifarík og spennandi stuttmynd sett í heimi hjólabretta og eiturlyfja. Dagur í lífi Kristó, sem mun vera hans örlagaríkasti.

Hvernig tengist viðburðurinn menningarstefnu Kópavogs?

Handritið að stuttmyndinni Dauður dregur upp sterka og áhrifaríka mynd af ungmennamenningu í Kópavogi, þar sem hjólabretti, götulist og félagslegar áskoranir spila stórt hlutverk.

Menningarstefna Kópavogs leggur áherslu á listir og skapandi greinar sem hluta af sjálfsmynd bæjarins, og í þessu handriti birtist sú hugmynd á lifandi hátt. Hjólabrettaiðkun og götulist eru bæði dæmi um óhefðbundna listsköpun sem endurspeglar menningu ungs fólks. Myndin varpar ljósi á þennan heim og veitir innsýn í líf þeirra sem nota götuna sem sína senu.

Jafnframt snertir myndin á samfélagslegum áskorunum sem ungt fólk í Kópavogi og annars staðar glímir við, eins og skort á stefnu, fjölskylduerfiðleika og aðlögun að fullorðinsárunum. Með því að draga upp ófegrandi mynd af þessum raunveruleika stuðlar myndin að umræðu um ungmenni og menningu þeirra og speglar þar með mikilvægan hluta af menningu og umhverfi Kópavogs.

Þjónar viðburðurinn ákveðnu hverfi? Ef já, hvaða hverfi?

Dauður er sterklega tengd Kópavogi, sérstaklega Hamraborg og nærliggjandi svæðum. Handritið lýsir lífi ungra íbúa í Kópavogi, með áherslu á borgarrými eins og hjólabrettaskálin og götur bæjarins sem leikvöll þeirra. Myndin speglar því menningu og samfélagslegar áskoranir í þessu hverfi og gæti haft sérstakt gildi fyrir íbúa þess.

Þjónar viðburðurinn ákveðnum markhópi. Ef já, hvaða markhópi?

Markhópur þessa verkefnis er að mestu leyti ungt fólk á Íslandi, enda fjallar myndin um unglingsárin í heimi hjólabretta og eiturlyfja, ásamt þeim áskorunum og upplifunum sem þeim fylgja. Þrátt fyrir að sagan spegli ákveðinn aldurshóp höfðar stuttmyndin engu að síður til breiðari áhorfendahóps, þar sem hún tekst á við almenn mannleg málefni eins og vináttu, sjálfsmynd og leitina að tilgangi.

Óháð aldri eða uppruna geta margir fundið eitthvað í sögunni sem snertir þá _ hvort sem það er spenna æskunnar, togstreita í samskiptum eða þráin eftir að finna sinn stað í heiminum.

Hvernig hyggst þú kynna og auglýsa viðburðinn.

Myndin er stefnt til frumsýningar á RIFF _ Reykjavík International Film Festival á þessu ári. Auk þess verður hún send á helstu alþjóðlegu kvikmyndahátíðir þar sem hún mun keppa til verðlauna.

Meðal þeirra hátíða sem stuttmyndin verður send á eru:

Clermont-Ferrand International Short Film Festival

Palm Springs International Film Festival

Venice Film Festival

Berlin International Film Festival

Cannes Film Festival

Toronto International Film Festival

Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til

Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þess verkefnis sem sótt er um og getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd

Þessi saga tekur á málefnum líðandi stundar, svo sem heimilisofbeldi og eiturfjatanotkun ungs fólks. Áhersla verður lögð á raunsæi í bæði leik og tókustíl, þar sem sótt verður eftir því að senur í myndinni verði eins sannar raunveruleikanum og hægt er. Þetta er saga sem dregur fram hlið á íslensku samfélagi sem er mikilvægt að vekja meiri athygli á.

Mikill áhugi fyrir verkefninu hefur myndast og margir sem vilja taka þátt. Með auknu fjármagni mun vera hægt að fá fagfólk í hverja stöðu.

Handritshöfundur og leikstjóri - Magni Rúnar Kristinsson hefur stundað nám við kvikmyndagerð bæði hér á landi í Kvikmyndaskóla Íslands og einnig meistaranám í faginu við kvikmyndaskólann 3IS í París. Eftir dvöl hans í París hóf hann störf hjá framleiðslufyrirtækinu Sensor hér á landi og hefur unnið við framleiðslu á kvikmyndum, auglýsingum og tónlistarmyndböndum. Hann stefnir á stóra hluti í kvikmyndageiranum og með þessari mynd sanna sig enn frekar sem handritshöfundur og leikstjóri.

Framleiðandi - Hildigunnur Ýr Johnson Thorsdóttir er framleiðandi verkefnisins. Hún hefur starfað við framleiðslu tónlistarmyndbanda, auglýsinga og stuttmynda og hefur mikla reynslu af að stýra framleiðsluferli frá undirbúningi til eftirvinnslu.

Leikur -

Aðalhlutverk myndarinnar mun Nikulás Hansen Daðason fara með. Útskrifaður leikari úr Listaháskóla Íslands sem hefur eftir útskrift unnið í kvikmyndum, sjónvarseríum og auglýsingum.

Birnir Sigurðarson leikur aukahlutverk myndarinnar. Hann hefur sannað sig sem framúrskarandi tónlistarmann og er með mikla orku á sviði sem hann mun óneitanlega koma með í þetta verkefni.

Tökumaður - Baldvin Vernharðsson hefur unnið í kvikmyndageiranum síðan 2013, bæði sem leikstjóri og tökumaður. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir bæði auglýsingar og tónlistarmyndbönd. Hann er reyndur tökumaður á filmu og því kemur hann inn með verðmæta reynslu.

Áætluð verkefni á árinu, heiti og staðsetning

Tilgreinið eigin fjármögnun og styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggið fram gögn því til staðfestingar

- Lýsing á verkefninu sem sótt er um styrk til
- Gildi verkefnisins og getu til að hrinda því í framkvæmd
- Eigin fjármögnun og upplýsingar um styrki eða framlög frá öðrum ef um slíkt er að ræða og leggja fram gögn því til staðfestingar
- Kostnaðaráætlun
- Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill taka fram

gögn 1

Dauður - Kynningar skjal _ handrit.pdf

gögn 2

Dauður - Gildi verkefnis og geta til að hrinda því _ i _ framkvæmd.pdf

gögn 3

Styrkur fyrir Tækjabu_nað.pdf

gögn 4

Dauður - Kostnaðara_ætlun.pdf

gögn 5

Dauður - To_kuplan.pdf

Staðfesting umsóknar

- ☒ Ég staðfesti hér með að allar upplýsingar sem ég veiti í sambandi við þessa umsókn eru réttar og gefnar eftir bestu vitund.

Hver einstaklingur / félag / hópur / kór e.þ.h. sem hlýtur styrk, þarf að senda greinargerð á menning@kopavogur.is fyrir árslok þar sem fram koma upplýsingar um árangur verkefnisins eða starfsins og hvernig styrknum hefur verið ráðstafað.

Um umsóknina

Staðfestingarnúmer: 109489 **Staðfestingarmáti:** Innskráning með Ísland.is **Dagsetning:** 28.3.2025 18:38:56

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026